



**Til aðildarfélaga innan
Alþýðusambands Íslands**

Reykjavík, 28. september 2007

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2007 - upplýsingar

Dagskrá ársfundar ASÍ 2007

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. september sl. var dagskrá ársfundar ASÍ 2007 samþykkt. Samkvæmt henni hefst ársfundurinn kl. 10:00 fimmtudaginn 18. október og líkur honum um kl. 17:00 föstudaginn 19. október.

Dagskráin verður send út til aðildarfélaganna um miðja næstu viku.

Málefni - Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið

Á fundi miðstjórnar 19. september var fjallað um tillögur sem unnar hafa verið á vettvangi málefnanefnda ASÍ (velferðarnefndar, menntanefndar og vinnumarkaðsnefndar) til undirbúnings ársfundinum um **Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið**. Að lokinni umræðu var samþykkt að senda tillögurnar, með nokkrum breytingum, út sem grundvöll umræðu á ársfundi ASÍ 2007. Í grunninn er um að ræða tillögur sem sendar voru aðildarfélögunum til kynningar sl. vor, með nokkrum viðbótum og breytingum.

Tillögurnar eru nú í yfirllestri og frágangi og verða sendar út til aðildarfélaganna um miðja næstu viku.

Flug vegna ársfundarins - kostnaður

Um flug vegna ársfundarins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimildir til að panta á reikning ASÍ hjá FÍ, flug vegna ársfundarfulltrúa viðkomandi félags. Að öðru leyti fer um kostnað vegna ferða og uppihalds í samræmi við reglugerð ASÍ um það efni. Sjá: http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-99/156_read-641/

Gisting vegna ársfundar

Leitað var tilboða hjá nokkrum hótélum í og við fundarstaðinn. Aðeins barst tilboð frá einum aðila, Nordica hóteli. Í boði er eins og tveggja manna Deluxe og standard herbergi á kr. 14.800 nóttin. Benda skal á að ódýrari hótलगisting er í boði m.a. í nágrenni fundarstaðar. Hagstæð tilboð er hægt að fá á vefnum: gtahotels.com. Jafnframt skal bent á að þar sem mikið er um að vera í Reykjavík á þeim tíma sem ársfundurinn er haldinn er vissara að tryggja gistingu sem fyrst.

Hádegisverðir fundardagana og kvöldskemmtun 18. október

Eins og undanfarin ár verður hádegisverður í boði fyrir þá sem þess óska báða fundardagana og verður tilhögun með svipuðu sniði. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og verð verða send aðildarfélögunum um miðja næstu viku.

Efnt verður til kvöldskemmtunar þann 18. október. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og verð verða send aðildarfélögunum um miðja næstu viku.

Frekari upplýsingar - kynning

Vegna mikilla anna og fundarhalda á vettvangi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess fram að ársfundinum verður ekki mögulegt að standa fyrir skipulagðri kynningu fyrir fundinn með sama hætti og verið hefur undanfarin ár. Óski félög eða sambönd eftir að fá slíka kynningu verður reynt að verða við því.

Aðildarfélögunum og væntanlegum ársfundarfulltrúum er bent á að fylgjast með upplýsingu um ársfundinn vef ASÍ www.asi.is.


Bréf með frekari upplýsingum og gögnum verður sent á aðildarfélög ASÍ um miðja næstu viku.

Fylgigögn með þessu bréfi


Bréfi þessu fylgja eftirtalin gögn:

- Tilboð vegna bílaleigubíla í tengslum við ársfundinn.

Með félagskveðjum,



Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ



Tilboð á bílaleigubílum vegna ársfundar ASÍ 2007

Vinsamlegast hafið samband við viðkomandi bílaleigu ef þið hafið áhuga á að taka einhverju tilboðanna.

Bílaleiga	Sími	Tölvupóstur	Tegund	Verð á sólarhring	Innif. akstur	Tryggingar	Verð alls
Avis	591-4000	avis@avis.is	Toyota Yaris	2.560 kr.	100 km	660 kr.	3.220 kr.
			Toyota Corolla Sedan	3.040 kr.	100 km	660 kr.	3.700 kr.
			Toyota Corolla sjálfskiptur	3.220 kr.	100 km	660 kr.	3.880 kr.
			Toyota Corolla Station	3.390 kr.	100 km	660 kr.	4.050 kr.
			Toyota Avensis sjálfskiptur	4.040 kr.	100 km	900 kr.	4.940 kr.
			Hyundai Trajet 7 manna	5.400 kr.	100 km	900 kr.	6.300 kr.
Hyundai Starex 9 manna	7.200 kr.	100 km	900 kr.	8.100 kr.			
Höldur	568-6915	beggi@holdur.is	VW Polo/Toyota Yaris eða samb.legur	3.900 kr.	100 km	X	3.900 kr.
			Skoda Oktavia sedan eða samb.legur	4.730 kr.	100 km	X	4.730 kr.
			Skoda Oktavia station eða samb.legur	4.730 kr.	100 km	X	4.730 kr.
			Oktavia 4x4 station eða sambærilegur	6.000 kr.	100 km	X	6.000 kr.

Ofantaldir aðilar afhenda bílana á Reykjavíkurlflugvelli samkvæmt upplýsingum þeirra. Þá bjóða þeir upp á afhendingu vðar á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Þeir sem áhuga hafa á eru hvattir til að hafa samband beint við viðkomandi bílaleigu og vísa í tilboð vegna ársfundar ASÍ. Þá er sjálfsagt að kanna aðra kosti sem í boði kunna að vera, bæði hvað varðar fleiri verðflokkka og aðrar leigur.